

105

20. gr.

3. sept. Byggingarfulltrúa ber að kæra brot á samþykkt þessari fyrir hlutaðeigandi lögreglustjóra. Mál út af slíkum brotum skal fara með að hætti opinberra mála.

21. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Byggingarsamþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt til að gilda fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu og sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, og laga nr. 26 1. apríl 1948, um breyting á þeim, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 3. september 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

106

17. maí

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingarsamvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaupúnum, hefur ráðuneytið staðfest þessar samþykktir fyrir byggingarsamvinnufélög:

58. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna Oliuverzlunar Íslands h.f. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 6. febrúar 1954.
59. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag vegagerðarmanna. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 18. febrúar 1954.
60. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna H.f. Shell á Íslandi. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 10. maí 1955.

Samþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd að samþykkt, sem birt er með auglýsingu nr. 92 12. júní 1946 (Stj.tíð. B., bls. 174—179).

Félagsmálaráðuneytið, 17. maí 1955.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.